

Fundargerð 64. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 5. október 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Mótun klasastefnu.**
2. **Nýsköpun á landsbyggðinni.**
3. **Önnur mál.**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur P. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR, fór 14:30), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinnsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN, fór kl. 14:20), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Sigríður Ó Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Ásta Kristín Sigurjónsdóttir frá Íslenska ferðaklasanum sat einnig fundinn.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir frá Vestfjarðastofu tekur nú við sem áheyrnafulltrúi landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihópnum af Bjarna Guðmundssyni. Formaður bauð hana velkomna og þakkaði Bjarna fyrir samstarfið á liðnu ári.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Mótun klasastefnu

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir frá Íslenska ferðaklasanum sagði frá mótun klasastefnu sem nú er unnið að á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Greiningavinna stendur yfir. Í erindi hennar kom fram að Ísland er skemur á veg komið varðandi þróun klasa en nágrannalöndin. Norðmenn hafa t.d. unnið markvisst með klasa í ein 20 ár. Klasahugmyndafræði gæti nýst Íslandi til að auka samkeppnishæfni sína og er nátengd nýsköpun. Horfa þarf til lengri tíma, helst ekki skemur en til sex ára. Gert er ráð fyrir að leggja fram fyrstu drög að klasastefnu í desember og verkefnið verði kynnt í ríkisstjórn í febrúar 2021. Nokkrar umræður urðu um þetta erindi og kom m.a. fram ánægja með samráð við landshlutasamtök og stýrihóp og það að unnið verði að þessu verkefni í samhengi við aðra stefnumörkun.

2. Nýsköpun á landsbyggðinni

Anna Katrín Einarsdóttir ANR kynnti drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, sem er í samráðsgátt stjórnvalda til 9. þ.m. Í þeim kemur m.a. fram hvernig nýsköpunarstarfi verði háttað eftir að Nýsköpunarmiðstöð Íslands verður aflögð um næstu áramót og hvernig starfið verði skipulagt um land allt í samstarfi við landshlutasamtökin. Þá kynnti Anna Katrín hugmynd um verkefnasjóð fyrir nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni sem verði unnin í samstarfi við landshlutasamtökin. Talsverðar umræður urðu um þennan lið. Spurt var um úthlutunarnefnd fyrir þennan sjóð, um fjármuni, bent á að ekki megi gera sjóðakerfið of flókið, samþættingu þurfi við kerfið sem þegar er í gangi, svo dæmi séu nefnd.

3. Önnur mál

Bjarni Guðmundsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir fóru yfir hugmyndir um samráðsfund og árlega fundi, en þau höfðu samráð við framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna átta. Stungið er upp á samráðsfundi 18. eða 19. nóvember. Sigríður Ó Kristjánsdóttir, Sigríður K. og Hólmfríður leiða málið til lykta.

Næsti fundur verður mánudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55